

Velferðarnefnd Alþingis.

23. apríl 2018

## Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (dvalarrými og dagdvöl) o.fl., 426. mál.

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

*Frumvarp þetta er samið í velferðarráðuneytinu. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við sjúkratryggingastofnun og Tryggingastofnun.*

Þá kemur fram í greinargerðinni að við gerð frumvarpsins hafi ekki verið talin þörf á frekara samráði.

Með vísan til þess sem að framan segir og efnis frumvarpsins vill Proskahjálp sérstaklega áréttta eftirfarandi skyldur stjórnvalda sem æðsta framkvæmdavald og löggjafarvaldið, þ.e. ráðuneyti og Alþingi, bera eðli máls samkvæmt höfðuábyrgð á að gæta að og framfylgja.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi sem íslenska ríkið fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að innleiða á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. í lög, stjórnslu og þjónustukerfi, er sérstök áhersla lögð á rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og skyldur stjórnvalda til að tryggja það, m.a. með því að koma í veg fyrir að fatlað fólk þurfi að dveljast á stofnunum eða fara á slíka staði til að fá þjónustu sem það á rétt á og þarf á að halda, sbr. m.a. 19. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina „Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu“.

Þá er í samningnum lögð mikil áhersla á skyldur stjórnvalda til að hafa samráð við fatlað fólk og samtök sem standa vörð um réttindi þess og hagsmuni. Í samningnum segir um það:

*Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.*

Í 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, er mælt fyrir um skyldur stjórnvalda til að taka mið af samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og til samráðs við hagsmunasamtök. Þar segir:

*Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.*

Í 1. gr. frumvarps til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, sem nú er til meðferðar á Alþingi, segir:

*Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja að fatlað fólk, þ.m.t. hagsmunasamtök þess, hafi áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni þess.*

Með vísan til þess sem að framan er rakið skora Landssamtökin Proskahjálpar á velferðarnefnd að búa svo um hnúta að fulltryggt verði að ef frumvarp þetta verður að lögum sé engin hættá á að framkvæmd stjórnvalda á grundvelli þeirra gangi á nokkurn hátt gegn ákvæðum og markmiðum samnings SP um réttindi fatlaðs fólks varðandi sjálfstætt líf og útrýmingu stofnanþjónustu við það.

F. h. Landssamtakanna Proskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.